

Dagskrá fundarins

Mættir eru: Ólafur Oddur, Ingibergur, Sabína, Jón Smári, Sigmundur, Helgi, Svana og Snær

1. Fundargerð 792 lesin upp og samþykkt
2. Aðsent efni,
3. Heimsókn frá Bosei
 - Skólastjóri Bosei lýðháskólans ætlar að mæta helgina 3-5. September, ásamt 10 öðrum kennurum/þjálfurum.
 - Tilgangur ferðarinnar er að styrkja tengslin við Ísland
 - Ólafur ætlar að kynna fyrir þeim landið.
4. Bændaglíma Suðurlands, glímumót GFD, Bændaglíma fyrir Austan, Unglingalandsmót UMFÍ
 - Bændaglíma Suðurlands fór fram 19.júní 2010. Glíman var fremur stutt og voru fáir þátttakendur. En þrátt fyrir stuttan tíma var vel glímt og ágætis mæting.
 - Glímumót GFD fór fram 17.júní.
 - Bændaglíma fyrir Austan fór vel fram og var fjöldi áhorfenda mættur til að fylgjast með glímuköppunum takast á.
 - Unglingalandsmótið fór fram 1.ágúst. Keppendur voru 40 og sýndu þeir afbrags glímu. Veður var gott og fjöldi áhorfenda horfðu á.
5. Glímusýningar Í sumar
 - Glímusýning fór fram í Reykjavík, þann 17.júní og tókst vel til.
 - Smári Þorsteinsson og Ólafur Oddur sýndu glímu á hátíðinn Brú til Borgar.
 - Ólafur og Snær sýndu glímu fyrir sænsku sjónvarpsstöðina SVT. Sýningin fór fram í Laugardalnum og tókst vel til í blíðskapar veðri.
6. Íslandsglíman 2010
 - Búið er að vinna þátt um Íslandsglímuna sem verður vonandi sýndur á ríkissjónvarpinu.
7. Sa Strumpa (glímuþáttur)
 - Pétur Eypórsson og Ólafur Oddur til Sardiníu í ágúst að keppa í Sa Strumpa. Ferðin gekk vonum framan og landaði Pétur fyrsta sæti í -90 kg og Ólafur lenti í öðru sæti í -100 kg flokknum.
 - Tekin var upp glímuþáttur um ferð Péturs og Ólafs. Stefnt er að sýna þáttinn í ríkissjónvarpinu.
8. Æfingaferð til Spánar
 - Glímusambandinu hefur boðist að taka þátt í fangbragða hátíð á Spáni í byrjun október.
 - Mótshaldarar hafa boðist til að borga 100 evrur undir keppendur.

9. Æfingabúðir í Back-hold og Gouren

- Æfingabúðirnar fara fram helgina 3-5.september.
- Þjálfarar koma bæði frá Frakklandi og Englandi ásamt aðstoðar þjálfurunum Ólafi Odd og Ingibergi J. Sigurssyni.
- Þátttakendur eru í kringum 25.
- Glímusamband Íslands sótti um í verkefnasjóð ÍSÍ og fékk 100.000 kr.

10. Glímumót GLÍ

- Stjórn Glímusambands Íslands leggur til að glímufélög sjái í meira mæli um glímumót framvegis.
- Þessi tillaga myndi vonandi styrkja starfið í félögunum umtalsvert.

11. Ungmennabúðir

- Ungmennabúðir GLÍ verða haldnar fyrir norðan að Laugum fyrstu helgina í október.
- Ólafur Oddur Sigurðsson og Pétur Þórir Gunnarsson sjá um æfingarnar.
- Tillaga er að breyta nafni Úrvalshópsins í Ungmennabúðir Glímusambandsins.

12. Önnur mál

- Áhugi er fyrir því hjá Glímusambandinu að hafa svokallaða gleðiglímu fyrir lokahóf.
- Stefnt er að því að halda dómaramámskeið í Reykjavík í vetur.

13. Næsti fundur ákveðin og fundi slitið

- Næsti fundur verður haldinn þann 22. September klukkan 17:30.

Snær Seljan Þóroddsson